

Góð lestrarfærni er undirstaða náms. Eitt af mikilvægustu verkefnum grunnskólans er að tryggja að nemendur nái góðri grundvallarfærni í lestri og geti lesið ólíka texta sér til gagns og gamans. Nemendur eru mismunandi að upplagi og þroska; einstaklingar sem hafa ólíkar þarfir og væntingar. Því er eðlilegt að lestrarþróunin gangi mishratt fyrir sig.

Heimalestur í 1.-2. bekk

Í Sjálandsskóla er lögð áhersla á að nemendur lesi heima á hverjum degi í 15-20 mínútur og lesið sé fyrir barnið á hverjum degi í 5-10 mínútur. Hvert barn á að fá tækifæri til að hlusta á upplestur úr góðri bók, hlusta á spennandi frásögn, skemmtilegar þulur og fá að lesa „alvöru“ texta sem hentar lestrarkunnáttu þess. Barnið á sem sagt að fá að þróa lesturinn á eigin hraða með stuðningi bæði heimilis og skóla. Tilgangur þessa heftis er að veita foreldrum leiðsögn um heimalestur. Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir lestrargetu barnsins þegar þið aðstoðið það heima. Mikilvægt er að hrósa og hvetja nemandann áfram við lestrarnámið. Gæta þarf þess að lestexti sé ekki of þungur. Rannsóknir hafa sýnt fram á að hæfilegur lestexti þarf að vera þannig uppbyggður að nemandinn geti lesið á auðveldan hátt yfir 90% textans. Rétt er að hafa í huga að það veitir nemendum ánægju og sjálfstraust að vinna að verkefnum sem þeir ráða við. Allir sigrar í námi auka áhuga en mistök og erfiðleikar draga hins vegar úr áhuga.

Það er afar mikilvægt að börn lesi í fríum. Ef börn lesa ekki t.d. yfir sumarið fer þeim óhjákvæmilega aftur í lestrarfærni. Þetta á ekki síst við börn sem stríða við lestrarörðugleika og það getur tekið þau margar vikur að ná upp sömu færni og áður en þau fóru í sumarfrí. Gott er að hafa reglu á heimalestrinum þannig að hann verði hluti af daglegum venjum.

Hrósum og hvetjum

Það krefst vinnu að læra að lesa. Foreldrar geta haft mikil áhrif hvað þetta varðar, algjörlega óháð því hversu mikinn áhuga þeir hafa sjálfir á lestri og hvernig lestrarvenjum þeirra er háttað. Um leið og barnið hefur lært að lesa einföld orð getur það farið að lesa upphátt heima. Í Sjálandsskóla lesa nemendur í 1.-2. bekk að öllu jöfnu daglega upphátt fyrir kennara eða annan starfsmann skólans. Í fyrstu aðstoðar kennari við val á bókum við hæfi til heimalesturs en seinna geta barnið og kennari eða foreldri valið bækur í samein-



ingu. Á þennan máta fær barnið hæfilega erfiðan texta til að kljást við og það þróar lestrarfærnina á eigin hraða. Gott er að hafa eftirfarandi í huga:

- Látið barnið lesa á hverjum degi.
- Gætið þess að gefa ykkur tíma til að lesa með barninu. Ekki gera annað á meðan.
- Brýnið vinnureglur fyrir barninu. Kennið því t.d. að horfa vel á fyrsta staf í orði sem það er að byrja að lesa, skoða endingu orða og orðabil. Hvar lýkur einu orði og hvar hefst næsta? Látið það nota fingurinn (renna fingri eftir orði sem lesið er) til að vita hvar það er statt í textanum.
- Gott er að skoða bók með barninu áður en hún er lesin, skoða myndirnar og fyrirsagnir. Út frá þessu er hægt að álykta hvað bókin fjallar um.
- Það er gott að þið lesið fyrir barnið ef það á í erfiðleikum með að komast í gegnum textann. Síðan endurtekur barnið það sem lesið var. Þannig verður lesturinn auðveldari og barninu finnst það ráða betur við viðfangsefnið.
- Endurlestur er mikilvægur á meðan börn eru að ná grunnfærni í lestri, þ.e. að lesa hverja blaðsíðu þrisvar. Með endurlestri næst sjónrænn orðaforði og aukið lestraröryggi. Þegar börn eru komin vel á veg í lestri er eðlilegt að hætta endurlestri svo þau njóti textans betur.
- Tryggið að barnið viti hvað það var að lesa, hjálpið því að læra að spyrja spurninga ef það skilur ekki einstök orð eða orðasambönd sem það les. Aukinn orðaforði eflir lesskilning.
- Ef lestrarnámið er ferli þar sem barnið finnur að því gengur vel í stað þess að vera röð mistaka eykst áhugi barnsins á námi og lestrargleðin.

Lestrardagbók

Haldið lestrardagbók. Skrifnið titil bókarinnar, hvaða blaðsíður voru lesnar og látið barnið velja 3-5 orð úr textanum sem vöktu sérstaka athygli þess og skrifa þau í bókina (t.d. orð sem það skildi ekki, orð sem hafði óvænta merkingu eða orð sem barnið hafði ekki heyrt lengi). Leiðréttið stafsetningu ef með þarf.

Lesið fyrir börnin

Flestir foreldrar lesa fyrir barnið sitt frá unga aldri og margir minnst þeirra stunda sem bestu samverustundanna. Þegar við lesum upphátt fyrir barnið okkar erum við að efla tilfinningatengsl við það, örva málþroska þess og leggja grunn að góðum lestrarvenjum.

Miklar og uppbyggilegar samræður geta sprottið eftir lestur. Það er stundum auðveldara að ræða vandamál sögupersónu en eigin vandamál. Þannig hjálpar bókin okkur að ræða mál-





efni sem barninu þykir erfitt að tala um. Hlátur nærir sálina og færir okkur nær hvort öðru. Einnig er skemmtilegra að upplifa spennandi ævintýri með öðrum. Það er gott að hafa mömmu eða pabba hjá sér þegar spennan verður yfirþyrmandi. Að gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn og skapa eigin hugarheim hjálpar barni að takast á við eigið líf og leysa eigin vandamál. Lestrarstundin gefur barninu kost á friði og ró með fullorðnum. Við sitjum nálægt hvort öðru og njótum samverunnar. Það er mikilvægt að við gefum okkur tíma til þess að hugsa um það sem við lesum, sjáum og heyrum. Við fáum nýjar hugmyndir, samtöl fara ef til vill út á nýja braut og þá hefur bók orðið að upplifun sem við tökum með okkur og lærum af. Börn elska að búa til sögur, heyra hvernig það var þegar mamma og pabbi voru lítil, hlusta á frásagnir og skrítlur – slíkt er uppspretta orðaforða og eykur máltilfinningu.

Það er afar gott veganesti ef tekist hefur að skapa með barninu það viðhorf að lestur sé áhugavert viðfangsefni sem hægt sé að hafa bæði gagn og gaman af alla ævi. Þegar lesið er fyrir barn lærir það ýmislegt sem gagnast við lestrarnám-ið. Barnið heyrir hvernig á að lesa með réttum áherslum og eðlilegu flæði. Það lærir að hlusta og einbeita sér á annan hátt en þegar talað er við það. Lestur styrkir og eflir orðaforða barnsins og eykur þekkingu og reynslu. Munið að það er nauðsynlegt að lesa fyrir barnið sögur sem það ræður ekki sjálft við að lesa. Þá er mikilvægt að barnið og hinn fullorðni lesi og ræði ýmislegt sem lesturinn gefur tilefni til.

- Láttu barnið sitja við hliðina á þér þannig að það geti séð á bókina á meðan þú lest.
- Skoðið og ræðið útlit bókarinnar.
- Hvaða vísbendingar gætu myndir á bókarkápu gefið um efni hennar?
- Er talað um höfund bókarinnar?
- Talið um myndirnar í bókinni.
- Staldrið við í lestrinum og ræðið persónur, atburði, framvindu í sögunni, svo sem velta því fyrir sér hvað muni gerast næst.
- Talið um merkingu einstakra orða ef barnið spyr eða ástæða er til svo barnið skilji það sem fram fer.
- Talið gjarnan um það sem þið hafið lesið þegar það á við.
- Ef barnið á frumkvæði, þá:
 - * leyfðu því að lesa þau orð sem það þekkir
 - * ef barnið spyr um staf, segðu hvaða hljóð stafurinn á
 - * leyfðu því að benda á þá stafi sem það þekkir.



Málskilningur – málvitund

Góður orðaforði skiptir miklu fyrir málskilning. Þekking á orðum léttir lestur og hjálpar til við að ráða í efnið. Málvitund felst m.a. í því að gera sér grein fyrir að setning er gerð úr orðum og orð úr stöfum og hljóðum þeirra. Unnt er að sinna þessum þáttum með því að:

- leyfa barninu að telja orð í setningu
- leyfa því að telja stafi í orði
- klappa nöfn sem barnið þekkir vel (Páll = eitt klapp, Lára = tvö klöpp, Sigurður = þrjú klöpp)
- skoða orð og gera sér grein fyrir að sum orð eru stutt en önnur löng.
- leyfa barninu að ljúka við setningu með því að bæta við síðasta orði, t.d. þegar lesnar eru sögur þar sem sömu setningar koma oft fyrir. Einnig má skipta um hlutverk. Barnið segir setningu og sleppir síðasta orði sem foreldri finnur.
- skoða hvernig hægt er að búa til eitt orð úr tveimur eða fleiri orðum.
- ræða saman um það sem lesið hefur verið eða er verið að lesa.



Hljóðvitund

Ein mikilvægasta undirstaða lestrarnáms er að vera fær um að greina hljóð og hljóðasambönd. Margar lestrarkennslu- aðferðir byggja á þessari greiningu. Þetta má auðveldlega æfa með ungum börnum. Foreldrar geta sinnt þessum þætti með því að:

- syngja með barninu
- fara með þulur og vísur þar sem rím er sterkt
- fara í rímleiki, t.d. nefna orð og finna annað/fleiri orð sem ríma við það, tilvalinn leikur í löngum bílferðum
- segja stutta setningu og finna aðra setningu þar sem síðasta orð rímar við síðasta orð fyrri setningar
- finna orð sem byrja á sama hljóði, t.d. sama hljóði og nafn barnsins
- finna nokkur orð sem byrja á ákveðnu hljóði
- taka fyrsta hljóð orðs í burtu og mynda þannig nýtt orð, svo sem bók – ók, súr – úr, Palli – Alli.

Byggt á:

Lestur er lykill að þekkingu og betri framtíð. Hefti útgefið af Námsgagnastofnun.

Um lestur. Hefti eftir Guðlaugu Einarsdóttur og Sigurlaugu Jónsdóttur í Flataskóla.

Korter á dag. Hefti útgefið af Heimili og skóla.

SJÁLANDS  SKÓLI

Sjálandsskóli | Löngulínu 8 | 210 Garðabær

Sími: 590-3100 | www.sjalandsskoli.is